


Ilana Halperin

Lifraedi Mars

An Anatomy of Mars



HAUST *Lýningar*
FALL *Exhibitions*

13.09.25
23.12.25

LISTASAFN
ÁRNESINGA

Austurmörk

21,

810

Hveragerði,

Iceland

+(354) 4831727

listasafn@listasafnarnesinga.is

www.listasafnarnesinga.is

The artistic practice of Ilana Halperin (b. 1973) is characterised by a sustained interest in geological aesthetics, bringing intimate human poetics to the measurement and comprehension of deep time. She was born in the same year as the Eldfell volcano and has frequently visited Iceland within her research process since the late 1990s. Since 2022, this new body of work has grown out of collaborative field work in geothermal and sedimentary sites across Iceland and Orkney, exploring these as "Mars analogues" that allow us to connect with Mars as our planetary sibling.

Halperin's study of 400-million-year-old stromatolites and present day geothermal microbial activity has resulted in extremophile drawings and engravings on alabaster "inked" with soil and ochre, alongside an expansive series of watercolours sensing the palette of Mars.

Mars hosts one of the largest volcanos in the solar system, Olympus Mons, a giant which resembles a bodily orifice seen from flyby images. This is surrounded by a topography of vast canyons, craters and a coating of ubiquitous red pigment. Such geographical sculpting and mark-making forms a "chaos terrain" further informing Halperin's latest artworks.

Through conjuring a queer feminist land art approach to the Red Planet, Halperin's perspective provides a welcome alternative to masculine "frontier" narratives of recent Mars exploration. She is interested in Mars's long-term geo-heritage and the ethics of making contact. Working through the geological epochs of this ancient sibling and across a range of media (drawing, sculpture, and photography) Halperin shares a working core sample of this material anatomy.

This research has been funded by UK Space Agency/ Science & Technology Facilities Council.

An Anatomy of Mars will be included in Ilana Halperin's forthcoming solo exhibition What is Us and What is Earth at Fruitmarket, Edinburgh opening in February 2026.

Ilana Halperin: Grannskoðun á Mars / An Anatomy of Mars

Listsköpun Ilönu Halperin (f. 1973) einkennist af stöðugum og djúpum áhuga á jarðfræðilegri fagurfræði þar sem hún sameinar mannlega nálægð og ljóðræna sýn á mælingar og skilning á svokölluðum „djúpum tíma“. Hún fæddist sama ár og Eldfell gaus á Heimaey og hefur frá því seint á tíunda áratugnum reglulega dvalið á Íslandi í tengslum við rannsóknir sínar.

Frá árinu 2022 hafa þessi nýju verk tekið á sig mynd í gegnum vettvangsvinnu á jarðhita- og setmyndunarstöðum bæði á Íslandi og á Orkneyjum. Þar skoðar hún þessi svæði sem svonefnd „Mars-líki“ – landsvæði sem gera okkur kleift að tengjast plánetunni Mars sem nokkurs konar systurplánetu okkar.

Rannsókn Ilönu á 400 milljón ára gömlum strýtuþörungum og virkni hitakærra örvera í nútímanum hefur leitt af sér teikningar og grafíkmyndir unnar í mjólkurstein af jaðarlífverum, lítaðar með jarðvegi og okkri, auk viðfeðmrar vatnslitamyndaraðar þar sem leitast er við að nema litróf Mars.

Á Mars má finna eitt stærsta eldfjall sólkerfisins, Olympus Mons, sem minnir á líkamsop þegar horft er á það úr flugi. Í kringum þetta risafjall teygir sig landslag fullt af gljúfrum, gígum, þakið rauðu litarefni. Slík jarðfræðileg mótun og mörkun skapar svokallað „kaoslandslag“, sem veitir listakonunni innblástur við nýjustu verk hennar.

Í gegnum annars konar nálgun við Rauðu plánetuna – þar sem hinsegin og feminísk sjónarhorn eru í forgrunni – býður Ilana upp á andóf við karllægum frásögnum um Mars sem „nýlendu“. Hún beinir kastljósinu að jarðfræðilegri arfleifð Mars og siðferðilegum álitamálum varðandi tengingu við aðrar plánetur. Með því að vinna í gegnum jarðsögulegar aldir þessarar fornu systurplánetu okkar og með fjölbreytilegum aðferðum – teikningu, skulptúrum og ljósmyndun – dregur hún fram sýnishorn af efnislegru uppbyggingu Mars.

Þessar rannsóknir hafa hlotið styrk frá bresku geimvísindastofnuninni (UK Space Agency) og Vísinda- og tækniráðuneytinu (Science & Technology Facilities Council).

„Liffræði Mars“ verður hluti af væntanlegri einkasýningu Ilönu Halperin, What is Us and What is Earth, í Fruitmarket í Edinborg sem opnar í febrúar 2026